

stjórnarráðið eigi fundið ástæðu til að halda lengra út í þetta mál”.

1872.
17. desbr.

Þetta leiðum vèr eigi hjá oss að tilkynna yður, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar.

118. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um sending tíðinda frá ríkisþingi Dana. 17. desbr.

Eftir að vèr samkvæmt beiðni yðar, herra stiptamtmaður, með bræfi 24. septbr. höfðum hlutast til um, að send voru með síðustu póstskeipsferð á þessu ári til bókasafns alþingis þau þrjú ár af tíðindum frá ríkisþingi Dana, sem vantaði, og stungið uppá, að veitt yrði landshöfðingja-embættinu ókeypis exemplar af tæðum tíðindum, hefir skrifstofa ríkisþingsins skýrt stjórnarráðinu frá, að forsetar þingdeildanna hafi samþykkt uppástungu þessa, þannig að skjalasafn tæðs embættis fær ókeypis exemplar af tíðindunum frá ríkisþingi þessa árs og eptirleidis.

Þetta leiðum vèr eigi hjá oss að tilkynna yður, yður til leiðbeiningar.

119. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins og amtmannanna á Íslandi, um fiskiveiðar Englendinga við Ísland. 18. desbr.

Dómsmálastjórnin sendir yður, herra stiptamtmaður (herra amtmaður), með bræfi þessu ágríp af skýrslu frá foringjanum á herskipinu *Valorous*, sem enska stjórnin sendi í sumar til Færeyja og Íslands, til þess að hafa gætur á enskum fiskimönnum þar,

1872.
18. desbr.

og hefir utanríkisstjórnin sent hana dómsmálastjórninni, sem hefir látið leggja hana út á Dönsku¹.

1) Skýrslan er svo látandi, að því leyti er snertir Ísland:

Kapt. Thrupp, skipstjóri á enska herskipinu „Valorous“, sem skipað var að rannsaka, hvort enskir fiskimenn hefði í frammi yfirgang þar sem þeir kæmi við Ísland og Færeyjar, eins og kvartað hefir verið undan, og senda skýrslu um það, átti fund við stiptamtann Hilmar Finsen, og reyndi til að komast að raun um, hvað satt væri í þessu, með því að ganga á fiskiskipin og leggja spurningar fyrir skipshafnirnar.

Stiptamtmaður sagði svo frá, að eigi væri kvartað undan enskum fiskimönnum, og hefði það heldur ekki verið gjört um mjög langan tíma.

Með því Kapt. Thrupp hafði ekki fengið neinar skýrslur um fiskiveiðar Englendinga við Norðurland og Austurland á þessu ári, reði hann af að sigla til Akureyrar; honum hafði einnig verið skýrt frá, að ensk skip kæmi sjaldan inn á Faxaflóa og Breiða-fjörð, og til Reykjavíkur; væri afli mestur á þessum fjörðum á vorin fyrir miðjan maím.

Fyrir amtmanninum fyrir norðan hafði svo árum skipti ekki verið kært yfir enskum fiskimönnum; væri þeir ekki vanir að koma á Akureyri, en væri opt á Skagafirði og Siglufirði. Sýslumaður skýrði að eins frá einni kærui yfir enskum fiskimönnum; var því máli svo háttað, að ensk skip nokkur komu á Siglufjörð og lögðust við akkeri; seldu Englendingar landsmönnum þar hval, er þeir höfðu nað; lofuðu þeir að borga akkerisgjald (á líklega að vera lestagjald), en svikust um það; Kapt. Thrupp gat samt ekki gjört neitt við þetta, sökum þess að menn vissu ekki nöfn skipanna eða númer

Á Húsavík var kapt. Thrupp sagt frá, að þar væri eigi kvartað undan yfirgangi af enskum fiskimönnum, og hefði fáir komið á Húsavík, þótt þeir aflaði skammt þaðan.